

Nd.

635. Frumvarp til laga

[268. mál]

um orlof húsmæðra.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

Kvenfélagasamband Íslands skiptir landinu í orlofssvæði með tilliti til framkvæmdar laga þessara um orlof húsmæðra. Fer skiptingin fram á landsþingi sambandsins. Ekki má skipta sveitarfélagi milli orlofssvæða.

2. gr.

Héraðssambönd Kvenfélagasambands Íslands kjósa á ársfundi orlofsnefndir fyrir orlofssvæðin hver í sínu umdæmi.

Í orlofsnefnd skulu vera þrjár konur og þrjár til vara, kosnar til þriggja ára í senn.

Orlofsnefndir skipta sjálfar með sér verkum.

3. gr.

Orlofsnefndir skipuleggja orlof húsmæðra hver í sínu umdæmi og sjá um rekstur orlofsheimila.

4. gr.

Greiða má fararstjórum þóknun, hvort sem þeir eru í orlofsnefnd eða ekki.

Heimilt er orlofsnefndum að greiða fyrir framkvæmdastjórn og gjaldkerastörf á þeim stöðum, þar sem nefndir reka orlofsheimili á eigin ábyrgð.

Að öðru leyti skulu orlofsnefndir vera ólaunaðar.

5. gr.

Kostnað vegna orlofs húsmæðra greiða þessir aðilar:

1. Ríkissjóður greiðir árlega upphæð, sem svarar minnst kr. 100.00 fyrir hverja húsmóður í landinu. Heimilt er félagsmálaráðuneytinu að skipta ríkisframlaginu milli orlofssvæða í hlutfalli við fólksfjölda.
2. Sveitarfélög greiði eigi minna en 50% á móti framlagi ríkissjóðs.
3. Heimilt er að láta orlofsþega greiða allt að 15% af beinum kostnaði orlofsdvalar, ef aðrar tekjur nægja ekki. Fer það eftir ákvörðun hverrar einstakrar orlofsnefndar.

Heimilt er orlofsnefndum að geyma rekstrarfé orlofsins á milli ára, ef ástæða þykir til.

6. gr.

Sérhver kona, sem veitir eða hefur veitt heimili forstöðu, án launagreiðslu fyrir það starf, á rétt á að sækja um orlof.

Þegar valið er úr umsóknum, skulu orlofsnefndir hafa til hliðsjónar barnafjölda, aldur barna og aðrar félagslegar aðstæður kvennanna. Æskilegt er, að orlofsdvöl sé ekki skemmri en 7—10 dagar.

Verði orlofsdvöl ekki við komið, er heimilt að nota orlofsfé, sem veitt er skv. lögum þessum, til ferðalags fyrir húsmæður.

7. gr.

Heimilt er orlofsnefndum að nota allt að 20% af framlagi ríkis og sveitarfélaga til þess að greiða kostnað vegna barna orlofskvenna á barnaheimili eða annars staðar, meðan á orlofsdvöl stendur.

Konur, sem eiga tvö börn eða fleiri innan 7 ára aldurs, skulu að jafnaði sitja fyrir um þessar greiðslur.

8. gr.

Heimilt er orlofsnefndum að verja nokkurri fjárhæð þriðja hvert ár til þess að senda fulltrúa á sameiginlega ráðstefnu, er hefur það hlutverk að samræma fyrirkomulag orlofsins og kynna starfshætti á hinum ýmsu orlofssvæðum.

Skal orlofsnefndin í Reykjavík hafa frumkvæði um að kalla saman hina fyrstu ráðstefnu.

9. gr.

Félagsmálaráðuneytið sér um prentun umsóknareyðublaða um orlof húsmæðra og sendir þau orlofsnefndum.

10. gr.

Orlofsnefndir geta leitað fyrirgreiðslu hjá félagsmálaráðuneytinu, menntamálaráðuneytinu og öðrum hlutaðeigendum um afnot skóla eða annarra opinberra bygginga til orlofsdvalar.

11. gr.

Skýlt er orlofsnefndum að senda félagsmálaráðuneytinu og viðkomandi sveitarfélögum árlega skýrslu um starfsemi sína ásamt reikningum fyrir þann tíma, sem ráðuneytið ákveður.

Orlofsnefndir gefi skýrslur um starfið á aðalfundi viðkomandi héraðssambands.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Núverandi skipting landsins í orlofssvæði skal vera óbreytt til næsta landsfundar Kvenfélagasambands Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 21. september 1971 skipaði félagsmálaráðherra nefnd, til þess að endurskoða lög nr. 45/1960 um orlof húsmæðra með tilliti til þeirrar reynslu, sem fengizt hefir af framkvæmd þeirra. Var til þess ætlazt, að nefndin hraðaði störfum, svo að breytingar þær, sem hún kynni að telja nauðsynlegar, gætu hlotið afgreiðslu á næsta Alþingi.

Í nefndina voru skipaðar: Anna Sigurðardóttir, húsmóðir, Helga Einarsdóttir, kennari, Sigurveig Guðmundsdóttir, kennari, formaður orlofsnefndar húsmæðra í Hafnarfirði, Sigríður Thorlacius, formaður Kvenfélagasambands Íslands, og Steinunn Finnbogadóttir, ljósmóðir, formaður orlofsnefndar húsmæðra í Reykjavík, og skyldi hún vera formaður nefndarinnar. Anna Sigurðardóttir var kosin ritari nefndarinnar.

Benda má á, að í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá 1948 segir svo í 24. grein: „Hverjum manni ber réttur til hvíldar og tómstunda, og telst þar til hæfileg takmörkun vinnutíma og reglubundið orlof að óskertum launum.“

Þar sem húsmæður fá engin laun fyrir störf sín, m. a. við að ala upp næstu kynslóð, væri það verðug viðurkenning af hálfu þjóðfélagsins, að í fjárlögum væru ætlaðar a. m. k. kr. 100,00 á ári fyrir hverja húsmóður í landinu, í því skyni að gefa nokkrum hluta þeirra kost á orlofi og hvíld frá störfum.

Hjá Hagstofu Íslands fékk nefndin þessar upplýsingar um fjölda húsmæðra í landinu skv. manntalsskýrslum 1970: Giftar konur eru 38.824, konur í óvígðri sambúð eru 1.680, einstæðar mæður, sem eru kallaðar forstöðumenn heimila, svo og aðrar ekkjur, fráskildar konur og ógiftar mæður, eru ca. 9.500. Samtals eru því ca. 50 þús. konur í landinu, sem eiga rétt á að sækja um orlof húsmæðra.

Árið 1970 fengu 1283 konur orlof á vegum orlofsnefndanna um land allt, en það nemur 2,3% af fjölda þeirra kvenna, sem rétt eiga á að sækja um orlofið.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér eru fyrimæli um tilhögun orlofs húsmæðra. Skal landinu skipt í orlofs-svæði, eftir því sem landsþing Kvenfélagasambands Íslands telur hagkvæmt.

Um 2. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Hér segir, að hlutverk hverrar orlofsnefndar sé að skipuleggja og framkvæma orlof húsmæðra á viðkomandi orlofssvæði. Þegar hér er talað um rekstur orlofsheimilis, er við það miðað, að ekki líði á löngu þar til unnt verði að bjóða hvíld á orlofsheimili á öllum orlofssvæðunum, en ekki aðeins ferðalag í 1—2 daga, eins og nú er allvíða.

Um 4. gr.

Hingað til hefir öll vinna orlofsnefndanna verið ólaunuð, þ. e. a. s. framkvæmdastjórn, gjaldkerastörf, fararstjórn og húsmóður- eða stjórnandastörf við orlofsdvöl, öll undirbúningsvinna við umsóknir og tilkynningar um veitingu orlofs. Allt er þetta starf tímafrekt og því fylgir einnig mikil ábyrgð. Til langframa er nær óhugsandi, að unnt verði að fá konur til að vinna svo tímafrek störf ólaunuð utan heimilis.

Um 5. gr.

Þessi grein kveður á um, hverjir eiga að bera kostnað af orlofi húsmæðra. Hér er gert ráð fyrir, að framlag ríkissjóðs verði minnst eitt hundrað krónur fyrir hverja húsmóður í landinu, en í gildandi lögum er það ákveðið 10 krónur. Greiðsla ríkissjóðs miðast ár hvert við manntalsskýrslur árið áður. Framlag ríkissjóðs var árin 1966—1970 kr. 750.000,00 á ári, en á fjárlögum þessa árs, 1971, er upphæðin kr. 1.000.000,00 - ein milljón króna. Skipting á framlagi ríkissjóðs milli orlofssvæða verður næsta auðveld skv. þessu frumvarpi, eða um kr. 100,00 fyrir hverja húsmóður á viðkomandi orlofssvæði.

2. liður 5. greinar ætlar sveitarfélögum að greiða eigi minna en hálfan hlut á móti ríkissjóði. Hingað til hafa sveitarfélög lagt fram mun riflegri upphæðir en ríkissjóður, og væntanlega halda þau því áfram. Árið 1970 námu framlög sveitarfélaga, að viðbættum þeim upphæðum, sem einstök kvenfélög og héraðssambönd Kvenfélagasambands Íslands lögðu fram, samtals kr. 1.000.000,00, en á því ári var, sem fyrr segir, ríkisframlagið kr. 750.000,00.

3. liður 5. greinar er um það, að orlofskonurnar greiði allt að 15% af beinum kostnaði við orlofsdvöl, ef þær tekjur, sem nefndin hefir yfir að ráða, nægja ekki, en það er á valdi hverrar nefndar að ákveða um þær greiðslur.

Síðasti liður 5. greinar segir, að orlofsnefndum sé heimilt að geyma rekstrarfé orlofsins milli ára, ef ástæða þykir til. Þær ástæður geta verið fyrir hendi, að ekki sé unnt að fá hentugt húsnæði fyrir orlofið nema annað hvort ár, eða einhverra hluta vegna sé orlofið eitt árið smærra í sniðum en annað. Slíkt má að sjálfsögðu ekki skerða rétt orlofsnefndanna til þess að fá í sínar hendur hið árlega framlag ríkis og sveitarfélaga, miðað við fjölda þeirra kvenna, sem rétt eiga á að sækja um orlof á viðkomandi orlofssvæði, enda eingöngu um rekstrarfé að ræða.

Um 6. gr.

Í þessari grein er fyrst tekið fram, hvaða konur eigi rétt á að sækja um orlof húsmæðra, en það á hver sú kona, sem veitir eða hefir veitt heimili forstöðu án greiðslu fyrir það starf.

Þá er í þessari grein tekið fram, hvað orlofsnefndir þurfa einkum að hafa í huga, þegar þær velja úr umsóknum um orlofið.

Í þriðja lagi er í þessari grein tekið fram, að æskilegt sé, að orlofsdvöl sé ekki skemmri en 7—10 dagar, en það er styttri tími en til er tekinn í gildandi lögum. Með því að hafa orlofstímann styttri, verður unnt að veita fleiri húsmæðrum orlof ár hvert.

Síðasta málsgrein 6. greinar segir, að heimilt sé að nota orlofsfé það, sem veitt er samkvæmt lögum þessum, til ferðalags fyrir húsmæður. Ástæðan til þessarar heimildar er sú, að enn eru margháttaðir erfiðleikar á því, að allar orlofsnefndir landsins hafi aðstöðu til þess að reka orlofsheimili, hvort heldur er á eigin ábyrgð eða með dvöl á sumarhótelum, fyrir eða eftir aðalferðamannatímann. Því hafa margar orlofsnefndir eingöngu getað veitt húsmæðrum 1—2 daga ferðalag í stað orlofsdvalar.

Um 7. gr.

Í 4. grein gildandi laga er minnst á orlofsfé vegna barna innan 10 ára aldurs. Sú heimild hefur naumast verið notuð hingað til, vegna þess að aðstaða hefur ekki verið til að koma börnum í gæzlu, og orlof húsmæðra er ekki miðað við það, að þær hafi börn sín með sér í orlofsdvöl eða á ferðalagi.

Nú eru í 7. grein frumvarpsins eindregnari ákvæði um þetta. Þar er heimilað að nota allt að 20% af framlagi ríkisins og sveitarfélaganna til þess að greiða kostnað vegna gæzlu barna, meðan á orlofi stendur.

Margar ungar mæður geta ekki notfært sér þau réttindi, sem lögin veita, enda fellur það jafnan í þeirra hlut að gæta bús og barna. Þótt faðirinn kynni að vera fús til þess að taka að sér gæzlu barnanna eftir vinnutíma og á nóttunni, er óvísá rými að fá á dagheimili.

Heimildarákvæðið er til að veita þessum ungu mæðrum aðstoð.

Um 8. gr.

Þessi grein frumvarpsins er algjört nýmæli. Það er um að veita nokkurn styrk til þess að halda uppi samstarfi milli orlofsnefnda víðs vegar um landið. Þar er heimilað að verja nokkurri fjárhæð þriðja hvert ár, til þess að senda fulltrúa á sameiginlega ráðstefnu, sem hefir það hlutverk að samræma fyrirkomulag orlofs húsmæðra og kynna starfshætti á hinum ýmsu orlofssvæðum. Orlofsnefnd húsmæðra í Reykjavík er ætlað að hafa frumkvæði um að boða til fyrstu ráðstefnunnar.

Um 9. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Orlofsnefndir geta leitað fyrirgreiðslu hjá félagsmálaráðuneytinu, menntamálaráðuneytinu og öðrum hlutaðeigendum (svo sem skólanefndum, félagsheimilum og sumargistihúsum) um afnot skóla eða annarra opinberra bygginga til orlofsdvalar.

Þess má geta, að orlofsnefndirnar í Reykjavík, Hafnarfirði og Kópavogi, sem hafa rekið sameiginlegt orlofsheimili undanfarin ár í 2 mánuði á hverju sumri, fengu s. l. ár talsverðar ívilnanir hjá menntamálaráðuneytinu á leigu fyrir húsnæði í heimavistarskóla.

Um 11. og 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þar sem landsþing Kvenfélagasambands Íslands kemur eigi saman fyrr en síðari hluta sumars 1973, verður eigi unnt að framfylgja ákvæði 1. gr. frumvarpsins um, að landsþing K.Í. skipti landinu í orlofssvæði, fyrr en árið 1974.